



Fjölbrautaskóli Suðurnesja

Keflavík
Sími 92-3100

105. fundur

Fjölbrautaskóla Suðurnesja var haldinn í bóknámshúsi FS mánudaginn 27. janúar 1986. Mættir voru: Gunnar Sveinson, formaður, Hjálmar Árnason, skólameistari, Ingólfur Halldórsson, aðstoðarskólameistari, Ingimundur Þ. Guðnason, Guðjón Kristjánsson, Ingi Gunnarsson, Kristinn Kristjánsson, fulltrúi kennara, Hafliði Sævarsson, fulltrúi nemenda og Helga Loftsdóttir, ritari.

Formaður setti fund kl. 17:00 og áður en fyrsta dagskrármál var tekið fyrir, las hann upp úr bréfi frá sveitarstjóra Vatnsleysustrandahrepps eftirfarandi:

Á fundi hreppsnefndar Vatnsleysustrandahrepps mánudaginn 13. jan. sl., var tekið fyrir bréf frá Hreini Ásgrímssyni þar sem hann óskar eftir því að vera leystur frá störfum í skólanefnd Fjölbrautaskóla Suðurnesja v/veikinda.

Hreppsnefnd samþykkti að skipa Guðlaug R. Guðmundsson sem aðalmann í skólanefnd Fjölbrautaskólans og til vara Kristján Einarsson.

1. Húsnæðismál.

Formaður hóf umræður með því að lesa upp tvö bréf sem borist höfðu frá Njarðvíkurbæ og Gerðahrepp varðandi húsnæðismál FS. Í bréfi Njarðvíkurbæjar kom fram að bæjarstjórn tæki vel í hugmyndir um nýjan skóla á mörkum Keflavíkur og Njarðvíkur. Í bréfi Gerðahrepps var varpað fram spurningum um framkvæmdir við nýbyggingar FS og óskað svara við þeim áður en hreppsnefnd tæki afstöðu til málsins. Formaður sagðist hafa átt munnlegar viðræður við fulltrúa bæjarstjórnar Keflavíkur og höfðu þeir ekki tekið málið fyrir. Sagði hann að til stæði að taka mál þetta upp á fundi hjá S.S.S.

Skólameistari sagði það ljóst vera að ekki væri neinu fé ætlað til nýbyggingar á fjárlögum 1986. Lagði hann til að efnt yrði til skuldabréfaútboðs á Suður-

nesjum, og reynt yrði að fá loforð hjá ríkissjóði og sveitarfélögum að ábyrgjast greiðslur á bréfunum. Til hliðsjónar lagði hann fram ljósrit af gömlu skuldabréfi gefið út af Keflavíkurbæ árið 1950, vegna byggingar barna-skóla í Keflavík. Sagði hann að með útgáfu skuldabréfa væri hægt að ná inn fé á skömmum tíma og þá um leið leysa þær gífurlegu þrengingar sem herja á FS. Jafnframt sagði hann það hagstæðara fyrir sveitarfélögin peningalega séð að greiðslur dreifðust yfir lengri tíma.

Aðstoðarskólameistari sagði það nauðsynlegt að fá ákveðin svör frá Keflavíkurbæ varðandi viðbyggingu við núverandi húsnæði FS.

Nokkrar umræður spunnust um málið og í framhaldi af því samþykkti skólanefnd að kanna þyrfti viðhorf sveitastjórna á Suðurnesjum við skuldabréfaútbóði og svara þyrfti spurningum Gerðahrepps. Var skólameistara falið að leita þessara upplýsinga og fá svör fyrir næsta skólanefndarfund.

2. Fjármálastaðan.

Skólameistari upplýsti að eins og fjármál FS stæðu í dag þá skuldar skólinn 1.3 millj. Þar af er 1.0 millj.kr. skuld frá fyrra ári. Sagði hann FS sennilega vera eina skólann á landinu sem fengi enga fjárveitingu frá ríkissjóði til tækjakaupa á árinu 1986.

3. Upphaf vorannar.

Skólameistari upplýsti að innritun á vorönn hefði verið með hefðbundnum hætti. Stundatöflur voru afhentar þann 10. jan. og hófst kennsla mánudaginn 13. janúar. Sagði hann um 55 nýja nemendur hafa sótt um skólavist og 25 flugliðar. Á þessari önn væru fleiri nemendur í dag-skóla miðað við tvær síðustu annir en fækkað hefði í öldungadeild, þar væru u.þ.b. 100 nemendur.

Sagði hann að verið væri að skipuleggja námskeið fyrir nemendur í málaraíðn í samvinnu við Iðnskóla Reykjavíkur. Búið er að skipuleggja nám í öldungadeild fyrir réttindalauslausa múrara, bifvélavirkja og pípuþagningamenn.

Á önninni munu nemendur í meistaraskóla ljúka námi.

Nýtt réttindanámskeið fyrir vélstjóra hófst á þessari önn, og er það síðasta námskeiðið á þessu sviði. Einnig sagði hann að framhaldsnámskeið skipstjóra fyrir 200 tonna réttindi ljúki í febrúar en nemendur þar hefðu ekki tekið jólafrí til þess að vera búnir fyrr.

Að lokum sagði skólameistari frammistöðu nemenda við skólann afar góða. Þriggja manna mælskulið FS hefði sigrað Kvennaskólann og væri komið í fjögurra liða úrslit í mælsku-keppni framhaldsskóla. Einnig hefði lið FS sigrað Menntaskólann í Kópavogi í spurningakeppni framhaldsskóla með yfirburðum. Lýsti hann sig mjög ánægðan með frammistöðu nemenda, þeir hefðu verið skólanum til sóma og það fyrir alþjóð.

4. Starf afmælisnefndar.

Skólameistari sagði afmælisnefnd þegar hafa tekið til starfa. Nú þegar væru komnar eftirfarandi hugmyndir:

1. Viðræður voru við Jón Tómasson, ritstjóra Faxa, um að skólanum verði gerð þar verulega góð skil og starfsemin kynnt. Blað þetta kæmi síðan út á afmælisdag og yrði dreift um Suðurnes.
2. Hannaður verði sérstakur fáni skólans.
3. Að fagnaður verði haldinn að kveldi brautskráningardags með nemendum sem útskrifast hafa frá skólanum og stefnt að því að hafa slíkan fagnað árlega.
4. Að hafa brautskráningarsthöfnina í vor veglega og bjóða gestum m.a. Sverri Hermannssyni, menntamálaráðherra.
5. Fulltrúi fyrrverandi nemenda hyggst standa fyrir fjáröflun meðal fyrrverandi nemenda og í því skyni að færa skólanum afmælisgjöf.
6. Uppákoma á sjálfan afmælisdaginn 13. september 1986. Þakkaði formaður skólameistara fyrir og lýstu nefndarmenn sig ánægða með þessar hugmyndir.

5. Önnur mál.

a) Hugmyndir að nýjum brautum.

Fram kom að formaður og skólameistari hefðu setið fund með formönnum atvinnumálanefnda Suðurnesja. Kom fram mikill vilji fyrir samstarfi nefndanna við FS um sameiginlega

ráðstefnu fulltrúa atvinnulífsins, þar sem rætt yrði um hlutverk FS í atvinnuþróun og menntun á Suðurnesjum.

Skólameistari upplýsti að góðar horfur væru á því að hefja fljótlega kennslu á eftirtöldum brautum:

Sjúkraliðabraut.

Skólameistari upplýsti að allt stefndi í að leyfi fengist fyrir því að útskrifa sjúkraliða frá FS. Áður hefði leyfið ekki fengist en eftir stækkun sjúkrahússins er það orðið deildarskipt og fullnægir því skilyrðum fyrir verklegri þjálfun.

Fiskeldisbraut.

Skólameistari kvaðst hafa átt viðræður við fulltrúa fiskeldisstöðva á Suðurnesjum um námsbraut fyrir eldís-fólk á fiskeldisstöðvum. Yrði þá bóklegi hlutinn tekinn í skólanum en verklegi hlutinn á fiskeldisstöðvum í samráði við skólann. Taldi skólameistari hyggilegast að senda tvo fulltrúa frá FS til Noregs til að kynna sér þetta nánar.

Skipstjórnarbraut.

Skólameistari sagði að skólastjóri Sjómannaskólans í Reykjavík hefði boðið samstarf við FS að koma á kennslu námsefnis 1. bekkjar til skipstjórnarréttinda.

Fósturbraut.

Skólameistari sagði fósturbrautina vera gamalt baráttumál, en það mætt andstöðu m.a. úr Fósturskólanum. En taldi hann að full ástæða væri til að ná réttindum til að útskrifa fóstrur. Mikið væru um fólk sem áhuga hefði á því að mennta sig á þessu sviði, en sæi sér ekki möguleika á að sækja námið til Reykjavíkur. Sagðist hann vinna að þessu máli með öðrum skólameisturum.

Fiskvinnslubraut.

Skólameistari sagði hugmynd hafa komið upp um fiskvinnslubraut fyrir fólk sem ætlar að vinna í fiskiðnaði. Hugsunin væri sú að búa fólk betur undir störf í fiskvinnslu. Formaður vísaði til fyrri umræðna um fiskvinnslubrautina. Sagði hann vanta einhvern hvata fyrir fólk

að fara í fiskvinnslu, svo sem hærri laun o.s.frv. En tillaga þessi væri til bóta ef hægt yrði að endurvekja áhuga fólks á þessu sviði atvinnulífsins.

Eftir nokkrar umræður samþykkti skólanefnd að stefnt yrði að því að koma þessum nýju brautum á í áföngum.

b) Námskeið.

Tveir kennarar, Jón Valdimarsson og Sigurður Erlendsson, hafa óskað eftir styrk til að sækja námskeið í málmiðnum. Samþykkti skólanefnd samhljóða að verða við því.

c) Símakerfi skólans.

Skólameistari minntist á símakerfi skólans. Það væri úr sér gengið og ekki langt þar til það þagnaði algjörlega. Sagði skólameistari að stöðvarstjóri Pósts og síma hefði gert tilboð varðandi nýtt símakerfi sem virtist hagstætt. Með þessu nýja símkerfi yrði bóknámshús FS í beinu sambandi við Iðavelli. Samþykkti skólanefnd samhljóða að kaupa þetta símkerfi. Kaupverð er áætlað um kr. 200.000,-.


d) Skólaakstur innan Keflavíkur.

Aðstoðarskólameistari sagðist hafa kannað möguleika á skólaakstri innan Keflavíkur. Sagði hann S.B.K. vera með 60 manna bíl sem þeir gætu látið í þetta. Kostaði ein ferð á dag kr. 2.200,- en kr. 1.400,- í viðbót ef það yrðu tvær ferðir. Sagði hann að Steindór hefði engan bíl eins og er, en möguleikar væru á því næsta vetur og verðið yrði u.þ.b. kr. 500,- á dag. Samþykkt var að kanna þetta nánar.

e) Hafliði, fulltrúi nemenda, sagði nemendaráð vera að fjárfesta í húsgögnum sem staðsetja ætti í "Reykjanesi". Húsgögn þessi myndu kosta um 200.000,- kr. Fór hann fram á sömu samþykkt og áður þ.e. að skólanefnd myndi greiða þessa upphæð er hagur skólans vænkaðist. Samþykkti skólanefnd samhljóða að verða við þessu með sömu ákvæðum og fram koma á síðasta fundi skólanefndar.

Fleira ekki gert.

Formaður þakkaði mönnum fundarsetu og sleit fundi
kl. 19:00.



Gunnar Sveinsson,
formaður skólanefndar.



Helga Loftsdóttir,
ritari.